

# Skilmáli Barnatryggingar

Skilmáli L-6

Vátryggingarsamningurinn samanstendur af skilmálum þessum, upplýsingum á umsóknareyðublaði og öðrum gögnum sem tengjast samningnum, bæði við upprunalega gerð hans og síðar. Vátryggingarskírteinið og þau atriði sem fram koma á því sem og ákvæði laga nr. 30/2004 eru einnig hluti af vátryggingarsamningi.

## Í skilmálum þessum hafa eftirtalin hugtök eftirfarandi merkingu:

**Félagið:** Vörður líftryggingar hf.

**Vátryggingartaki:** Sá sem gerir samning við félagið um vátrygginguna. Skilyrði er að vátryggingartaki sé forráðamaður og/eða foreldri vátryggðs. Við 18 ára aldur vátryggðs breytist réttarstaða aðila þannig, að vátryggður verður einnig vátryggingartaki með þeim réttindum og skyldum sem því fylgir, en foreldri glatar stöðu sinni sem vátryggingartaki.

**Vátryggður:** Sá einstaklingur á aldrinum 3ja mánaða til 26 ára sem vátryggður er.

**Vátryggingaratburður:** Atvik sem samkvæmt vátryggingarsamningi veldur því að til greiðslu bóta getur komið.

**Vátryggingarsamningur:** Sá samningur sem í gildi er milli félagsins og vátryggingartaka um barnatrygginguna.

**Vátryggingarskírteini:** Staðfesting félagsins á því að vátryggingarsamningur hafi verið gerður.

**Vísitala:** Vísitala neysluverðs til verðtryggingar.

**Verklagsreglur um áhættumat:** Félagið fylgir ákveðnum verklagsreglum við áhættumat persónutrygginga, bæði eigin reglum og ítarlegum reglum endurtryggjanda á hverjum tíma. Nánari upplýsingar er að finna á heimasíðu félagsins.

**ICD 10:** Alþjóðleg tölfræðiflokkun sjúkdóma og skyldra heilbrigðisvandamála. Flokkunarkerfið er gefið út af Alþjóðaheilbrigðismálastofnuninni (WHO) sem heldur sérstakar [vefsíður um ICD-10](#) og reglulegar uppfærslur þess. Uppfærslur hér á landi taka mið af fyrirmælum WHO um gildistöku þeirra.

## 1. gr. Gildistími og gildissvið

Ábyrgð félagsins hefst á útgáfudegi, þegar félagið hefur móttengið og samþykkt undirritaða umsókn um barnatryggingu ásamt öðrum nauðsynlegum fylgigögnum, skv. reglum félagsins. Vátryggingin gildir frá útgáfudegi, sem tilgreindur er í vátryggingarskírteini, og endurnýjast til árs í senn til þess tíma sem tiltekinn er í vátryggingarskírteini, þó að hámarki til 26 ára aldurs vátryggðs.

Félagið vátryggir ekki börn yngri en 3ja mánaða.

Vátryggingartaki hefur 30 daga frest (iðrunarfrest) til að segja vátryggingunni upp, frá þeim tíma er honum barst tilkynning frá félaginu um gildistöku samningsins.

Vátryggingin bætir tjón sem verður vegna slyss eða sjúkdóms vátryggðs, sem á sér stað eftir gildistöku tryggingarinnar. Vátryggingin bætir því ekki tjón sem rekja má til sjúkdóma eða slysa sem áttu sér stað eftir að vátryggingin féll úr gildi eða fyrir gildistöku hennar.

## **2. gr. Hvar gildir váttryggingin**

Váttryggingin gildir á Norðurlöndum.

Flytji váttryggður frá Norðurlöndum, gildir váttryggingin í eitt ár.

## **3. gr. Svik og rangar upplýsingar**

Hafi váttryggingartaki vanrækt upplýsingaskyldu sína til félagsins um atvik sem haft geta áhrif á mat þess, fellur ábyrgð félagsins niður í heild eða að hluta, sbr. 83. gr. laga nr. 30/2004.

## **4. gr. Iðgjaldagreiðslur og vanskil**

Greiða skal fyrsta iðgjald þegar váttryggingin gengur í gildi og síðari iðgjöld á tilgreindum gjalddögum. Váttryggður fær 30 daga frest til greiðslu frá þeim degi sem félagið sendir kröfu um greiðslu iðgjalds. Sé iðgjald enn ógreitt þegar greiðslufresti líkur sendir félagið tilkynningu með áminningu um vanskil, þar sem gefinn er 14 daga lokafrestur til greiðslu. Krafa um greiðslu er send á heimilisfang greiðanda sem tilgreint er í þjóðskrá, nema hann hafi tilgreint annað heimilisfang. Váttryggingarsamningurinn fellur úr gildi ef iðgjöld eru ekki greidd að loknum veittum fresti.

## **5. gr. Endurnýjun og uppsögn**

Váttryggingin endurnýjast á aðalgjalddaga til eins árs í senn. Ætli félagið ekki að framlengja váttrygginguna fram yfir þann tíma, skal það tilkynna váttryggingartaka það í síðasta lagi tveimur mánuðum áður en váttryggingartímabilið er á enda.

Félagið getur sagt upp váttryggingu ef rangar eða ófullnægjandi upplýsingar hafa verið gefnar við töku tryggingar eða váttryggingartaki eða váttryggður hefur sviksamlega vanrækt upplýsingarskyldu sína.

Váttryggður getur slitið váttryggingarsamningi hvenær sem er og skal það gert skriflega.

Ef váttryggingarsamningi sem gilda skal í eitt ár eða lengri tíma er slitið á váttryggingartímabilinu endurgreiðir félagið iðgjald váttryggingarinnar hlutfallslega.

## **6. gr. Váttryggingarfjárhæð**

Váttryggingarfjárhæð er valin á umsókn og kemur fram á skírteini eða endurnýjunarkvittun. Hún er notuð til ákvörðunar örorkubóta, dagpeninga vegna sjúkrahúsvistar og umönnunar á heimili skv. nánari skilgreiningu í skilmálum þessum. Dánarbætur koma fram þar sömu leiðis.

Krafa um bætur fellur í gjalddaga 14 dögum eftir að fullnægjandi gögn hafa borist fyrir bótaskyldu félagsins og unnt er að ákveða fjárhæð bóttanna. Félagið áskilur sér rétt til þess að afla nauðsynlegra og fullnægjandi gagna áður en bætur eru ákveðnar og greiddar.

Við endurnýjun skírteinis hækkar váttryggingarfjárhæðin og ársiðgjaldið í samræmi við breytingu á vísitölu neysliverðs frá grunnvísitölu samningsins, sem skráð er á skírteinið, til vísitölnnar í næsta mánuði á undan endurnýjuninni. Lækkun vísitölnnar hefur hvorki áhrif til lækkunar á váttryggingarfjárhæð né ársiðgjaldi.

## **7. gr. Bótasvið**

### **Vátryggingin greiðir:**

- Örorkubætur vegna varanlegrar læknisfræðilegrar örorku
- Greiðslur vegna umönnunar á heimili
- Dagpeninga vegna sjúkrahúsvistar
- Sérstök fjárhagsleg aðstoð vegna tiltekinna sjúkdóma
- Dánarbætur

Bætur vegna umönnunar á heimili og dagpeningar vegna sjúkrahúsvistar greiðast ekki eftir 18 ára aldur

## **8. gr. Örorkubætur**

Vátryggingin bætir varanlega læknisfræðilega örorku af völdum sjúkdóms eða slyss, sem metin er í fyrsta lagi ári eftir greiningardag sjúkdóms eða slysið.

### **Varanleg læknisfræðileg örorka**

Með varanlegri læknisfræðilegri örorku í vátryggingu þessari, er átt við að sjúkdómur eða slys hafi haft í för með sér varanlega skerðingu á líkamlegri getu hins vátryggða af völdum vátryggingaratburðarins. Ekki greiðast bætur fyrir varanlega læknisfræðilega örorku ef hún er metin lægri en 15% og hún getur aldrei talist hærri en 100%.

Örorku skal meta í hundradshlutum samkvæmt töflum örorkunefndar um miskastig sem í gildi eru þegar örorkumat fer fram. Sé áverka eða ástands ekki getið í töflum Örorkunefndar um miskastig, skal meta hann með hliðsjón af töflunum.

### **Slys**

Með orðinu „slys“ er hér átt við skyndilegan utanaðkomandi atburð sem veldur meiðslum á líkama vátryggðs og gerist án vilja hans.

### **Sjúkdómur**

Með orðinu „sjúkdómur“ er átt við heilsubrest sem ekki flokkast undir slys, sbr. framangreinda skilgreiningu á slysi. Sjúkdómurinn hefur í för með sér að líkamleg eða andleg færni hins vátryggða skerðist sannanlega vegna hans. Upphaf sjúkdóms miðast við greiningardag.

Bætur vegna varanlegs líkamstjóns greiðast í hlutfalli við grunnvátryggingarfjárhæðina, sem fram kemur á skírteini eða endurnýjunarkvittun, þó þannig að sé örorka á bilinu 51-75% þá veга öll stig tvöfalt og sé hún 76% eða hærri veга öll stig þrefalt og geta bætur því mestar orðið 300% af grunnvátryggingarfjárhæð.

### **Bótarétturinn**

Rétturinn til bóta vegna varanlegrar læknisfræðilegrar örorku skapast þegar sjúkdómur eða slys hefur valdið varanlegri skerðingu á líkama hins vátryggða, og ástand hans er stöðugt.

Þá skapast réttur til greiðslu bóta vegna örorku í fyrsta lagi 12 mánuðum eftir að sjúkdómur greindist eða slysið varð og fyrir liggur örorkumat sem staðfestir varanlegar afleiðingar.

Fresta má örorkumati svo lengi sem þörf krefur samkvæmt læknisfræðilegri reynslu eða vegna fyrirliggjandi möguleika á endurhæfingu, þó ekki lengur en í 10 ár frá vátryggingaratburði.

Örorkubætur breytast í réttu hlutfalli við breytinguna á vísitölu neysluverðs frá tjónsdegi til uppgjörsdags.

Ef váttryggður deyr áður en kemur til greiðslu örorkubóta en eftir að örorkumat hefur verið framkvæmt, greiðast bætur skv. því örorkumati. Örorkubætur greiðast hins vegar ekki ef váttryggður deyr áður en örorkumat hefur verið framkvæmt.

Við greiðslu bóta vegna varanlegrar læknisfræðilegrar örorku fellur váttryggingin úr gildi.

Bætur eru greiddar inn á lokaðan bankareikning á kennitölu barnsins sem það getur ráðstafað eftir 18 ára aldur.

### **9. gr. Greiðslur vegna umönnunar á heimil.**

Ef váttryggður greinist með sjúkdóm eða verður fyrir slysi sem veita váttryggingartaka rétt á umönnunargreiðslum frá almannatryggingum, greiðir váttryggingin bætur til váttryggingartaka. Bótaréttur helst svo lengi sem skilyrði fyrir bótagreiðslu eru uppfyllt, þó ekki lengur en til 18 ára aldurs váttryggðs en að hámarki í 10 ár.

Ef váttryggður andast, fellur réttur til bóta niður í lok andlátsmánaðar.

Váttryggingarfjárhæðin kemur fram á váttryggingarskírteini eða endurnýjunarkvittun. Fjárhæð bóta í hverju tilviki ræðst af því hve mikinn rétt váttryggingartaki á til umönnunargreiðslna skv. almannatryggingalöggjöfinni.

Árleg bótafjárhæð reiknast skv. eftirfarandi:

- a) sé réttur til umönnunargreiðslna er 81-100%, greiðast 10% af váttryggingarfjárhæðinni
- b) sé réttur til umönnunargreiðslna 61-80%, greiðast bætur sem nema 7,5% af váttryggingarfjárhæðinni,
- c) sé réttur til umönnunargreiðslna 41-60%, greiðast 5% af váttryggingarfjárhæðinni,
- d) sé réttur til umönnunargreiðslna 20-40%, greiðast 2,5% af váttryggingarfjárhæðinni.

Bætur eru greiddar mánaðarlega og hefjast bótagreiðslur í upphafi næsta mánaðar eftir að réttur til þeirra stofnast.

### **10. gr. Dagpeningar vegna sjúkrahúsvistar.**

Ef sjúkdómur eða slyss hefur í för með sér að váttryggður þarf að dveljast á sjúkrahúsi í 6 daga samfelld eða lengur greiðir váttryggingin váttryggingartaka 0,04 % váttryggingarfjárhæðar í dagpeninga.

Eftir 6 daga samfellda sjúkrahúsvist, eru dagpeningarnir greiddir út frá fyrsta degi og að hámarki í 365 daga, ef váttryggður er á sjúkrahúsi vegna eins og sama sjúkdóms eða slyss sem varð á gildistíma váttryggingarinnar.

Bætur úr þessari grein greiðast ekki eftir 18 ára aldur.

### **11. gr. Sérstök fjárhagsleg aðstoð vegna tiltekinna sjúkdóma**

Ef váttryggt barn greinist með einhvern neðangreindra sjúkdóma greiðast eingreiðslubætur sem nema 10% þeirrar grunnváttryggingarfjárhæðar sem í gildi er við greiningu sjúkdómsins. Sjúkdómurinn þarf að hafa komið í ljós á gildistíma tryggingarinnar og sjúkdómsgreiningin þarf að vera staðfest í síðasta

lagi innan 3 ára frá því að váttryggingin féll úr gildi.

Bætur greiðast vegna eftirtalinna sjúkdóma:

- Illkynja sjúkdóms (krabbameins) ICD 10 C 00-C97, D00-D09
- Góðkynja heilaæxlis ICD 10 D32-D33
- MS (Multiple sclerosis) ICD 10 G35
- Barnaliðbólga, (juvenile arthritis) sem greinist fyrir 16 ára aldur og er að lágmarki í þrem liðamótum, þar af tveimur stórum, t.d. úlnlið, olnboga, öxl, ökkla, hné, mjöðm eða hnakka, ICD 10 M08-09

Bótaréttur stofnast þegar sjúkdómsgreining er staðfest af sérfræðilækni í tilgreindum sjúkdómi. Hafi bætur verið greiddar vegna einhvers ofangreindra sjúkdóma, og váttryggður verður fyrir öðrum sjúkdómi sem tilgreindur er hér að ofan, skapast því aðeins réttur til nýrra bóta, að ekki séu tengsl milli sjúkdómanna.

Fram að 18 ára aldri greiðast bætur til váttryggingartaka. Frá 18 ára aldri greiðast bætur til váttryggðs.

## **12. gr. Dánarbætur.**

Félagið greiðir váttryggingartaka bætur sem tilgreindar eru í váttryggingarskírteini ef váttryggður deyr á gildistíma hennar.

Ef váttryggður deyr eftir að hann nær 18 ára aldri greiðast bætur í samræmi við XV. kafla laga nr. 30/2004.

Við greiðslu dánarbóta samkvæmt þessari grein fellur váttryggingin úr gildi.

## **13. gr. Sjúkdómar og ástand sem ekki er bætt.**

Félagið greiðir ekki bætur vegna meðfæddra sjúkdóma. Bætur eru ekki heldur greiddar vegna afleiðinga sjúkdóms ef telja má líklegt samkvæmt læknisfræðilegum rannsóknum að hann hafi verið til staðar við fæðingu eða eigi rót sína að rekja til sjúkdóms á fyrsta mánuði ævinnar. Takmarkanir skv. framangreindu gilda ekki komi sjúkdómseinkenni fyrst fram þegar váttryggður hefur náð sex ára aldri.

### **Sjúkdómar sem þessi váttrygging tekur ekki til eru eftirfarandi:**

- Dreyrasýki ICD10 D66 og D67
- Slímseigjusjúkdómur ICD10 E84
- Þroskafrávik ICD10 F70-F99 (t.d. ADHD, athyglisbrestur/ofvirkni, einhverfa, þroskahömlun)
- Sjúkdómar í miðtauga- og vöðvakerfi ICD10 G11, G12, G60, G71 og G80 (t.d. CP (heilalömun), vöðvarýrnun)
- Flogaveiki ICD10 G40
- Leiðni- og skyntaugaheyrnartap ICD10 H90
- Meðfædd fötlun eða litningafrávik ICD10 Q00-Q99 (t.d.
- Downs heilkenni, vansköpuð innvortis líffæri)
- Geðrænir sjúkdómar ICD10 F00-F69.

Félagið greiðir ekki bætur vegna sjúkdóma sem rót eiga að rekja til misnotkunar áfengis, lyfja eða vímuefna, né heldur meðvitaðrar háttsemi.

Ef váttrygging er keypt eftir 10 ára aldur barns, bætur hún ekki geðsjúkdóma né heldur aðra sjúkdóma

sem greinast á fyrstu sex mánuðum frá töku tryggingarinnar (6 mánaða biðtími).

#### **14. gr. Frestur til að tilkynna um váttryggingaratburð**

Rétthafi glatar rétti til bóta ef;

1. Hann tilkynnir félaginu ekki um kröfu sína innan árs frá því að hann vissi um atvik sem hún er reist á.
2. Hann hefur ekki höfðað mál eða krafist meðferðar málsins fyrir úrskurðarnefnd í váttryggingamálum innan árs frá því að hann fékk skriflega tilkynningu um að kröfu hans væri hafnað, sbr. 124. gr. laga nr. 30/2004.

#### **15. gr. Fyrning**

Kröfur um bætur úr váttryggingu þessari fyrnast samkvæmt reglum 125. gr. laga nr. 30/2004.

#### **16. gr. Meðferð ágreiningsmála**

Ágreining um bótaskyldu félagsins má leggja fyrir Úrskurðarnefnd í váttryggingamálum, sem vistuð er hjá Fjármálaeftirlitinu.

Málskot til Úrskurðarnefndarinnar skerðir ekki rétt hlutaðeigandi til að leggja málið fyrir almenna dómstóla hér á landi.

#### **17. gr. Varnarþing**

Mál sem kunna að koma upp vegna váttryggingar þessarar skulu rekin fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

#### **18. gr. Þagnarskylda og persónuvernd**

Félagið og starfsfólk þess fer með upplýsingar um líftrygginguna sem trúnaðarmál og er bundið af reglum laga nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga.

Félagið notar þær persónuupplýsingar sem aflað er vegna váttryggingar þessarar aðeins við mat á váttryggingarbeiðnum, í því skyni að meta þörf á váttryggingarvernd og veita váttryggingartaka ráðgjöf um val á váttryggingum, við afgreiðslu bótakrafna, upplýsingagjöf til váttryggingartaka og við aðra eðlilega starfsemi félagsins.

Félagið leggur ríka áherslu á öryggi og trúnað við meðferð persónuupplýsinga. Upplýsingar um viðskiptavini félagsins eru ekki afhentar þriðja manni nema samkvæmt skýru umboði, lögum eða dómsúrskurði.

#### **19. gr. Lög um váttryggingarsamninga**

Að öðru leyti en því sem kveðið er á um í þessum skilmála eða öðrum gögnum sem samningurinn byggir á, gilda um váttryggingarsamning þennan lög um váttryggingarsamninga nr. 30/2004.

**Skilmáli þessi gildir frá 1. janúar 2015**